

Til borgarráðs

Tillaga um jólaúthlutun úr Miðborgarsjóði 2017

Á fundi verkefnisstjórnar Miðborgarmála þann 28.11.2017 voru kynntar umsóknir sem bárust í jólaúthlutun Miðborgarsjóð, en auglýst var eftir styrkjum frá 10. nóvember til og með 20. nóvember 2017. Alls bárust þrjár umsóknir um styrki úr sjóðnum samtals að fjárhæð 5.380.000 kr. Eftirstöðvar í sjóðnum eftir fyrstu úthlutun voru 5.100.000 kr.

Á sama fundi verkefnisstjórnarinnar þann 28.11.2017 voru kynntar tillögur að úthlutun og þær í kjölfarið samþykktar og afgreiddar til borgarráðs.

Lagt er til að eftirtalin verkefni fái styrk úr jólaúthlutun Miðborgarsjóðs 2017:

- Viðburðir á jólamarkaði á Hlemmi.	Hlemmur Mathöll ehf.	350.000 kr.
- Leiga á tjaldi vegna jólamarkaðar í Fógetagarði.	Sóley Minerals ehf.	300.000 kr.
- Viðburðir og kynningarmál vegna jólamarkaðs á Hjartatorgi	Miðborgin Okkar	3.180.000 kr.

Nánari upplýsingar um verkefnin sem sótt er um má sjá í meðfylgjandi yfirlitsskjali. Í kjölfar samþykktar borgarráðs verður gengið frá úthlutun og samningum eftir því sem við á í samræmi við úthlutunarreglur sjóðsins.

F.h. verkefnisstjórnar miðborgarmála

Stefán Eiríksson
borgarritari

Hjálagt:
Yfirlitsskjal, tillögur að jólaúthlutun úr Miðborgarsjóði 2017

Jólaúthlutun Miðborgarsjóðs 2017

Nr	Verkefni	Nafn	Samantekt	Sótt um kr	Umsögn	Tillaga að upphæð
36	Viðburðir á jólamarkaði	Hlemmur Mathöll ehf.	Skemmtanahald og viðburðir á jólaútimarkaði. Útimarkaðurinn mun standa yfir hverja helgi (laugardag og sunnudag) frá 11-16, frá 25. nóv - 23. des. Áhersla á lifandi tónlist. Markmiðið er að gera íslenskum mat og tónlist hátt undir höfði, koma ungu listafólki á framfæri og búa til beina, skapandi tengingu milli miðborgar og landsbyggðar.	350.000	Lagt er til að veita fullan styrk vegna útimarkaðar.	350.000
37	Leiga á tjaldi vegna jólamarkaðar í fógetagarði	Skúli Craft Bar (Sóley Minerals ehf.)	Leiga á tjaldi undir jólamarkað/jólatréssölu. Markmiðið er að skapa skemmtilega stemmingu í Fógetagarðinum í kringum jólin. Boðið yrði uppá jólaglögg, smákökur, jólasveina, tónlistaratriði og aðra skemmtun í tjaldinu.	300.000	Lagt er til að veita fullan styrk vegna leigu á tjaldi.	300.000
38	Viðburðir og kynningarmál vegna jólamarkaðs á Hjartatorgi sem og jólaviðburðir á Hlemmi, Skólavörðustíg, Laugavegi og Kvos.	Miðborgin okkar	Þátttaka vegna jólamarkaðar á Hjartatorgi; hljómsveitir, listamenn, hljómf lutningstæki, hönnun og birting á auglýsingum. Viðburðir á Hlemmi, Laugavegi, Skólavörðustíg og Kvos; kórar, hljómsveitir og listamenn, tækjabúnaður, borðar yfir laugaveg, verðlaun vegna besta jólagluggans og ratleiks, jólasveinar með söngatriði um helgar.	4.730.000	Lagt er til að veita viðbótarstyrk vegna jólamarkaðs í Hjartagarði. Sundurliðun: Hljómsveitir og listamenn - 850.000 Leiga á hljómf lutningstækjum - 550.000 Auglýsing á dagskrá í Hjartagarði á öllum miðlum - 950.000 Hönnun auglýsinga v. dagskrá í Hjartagarði fyrir alla miðla - 600.000 Borði yfir laugaveg v. jólamarkaðar, hönnun og prentun - 230.000	3.180.000
				5.380.000		3.830.000,00

Samantekt	
Fjöldi umsókna	3
Fjöldi samþykkt	3
Upphæð til úthlutunar	5.100.000
Veitt upphæð	3.830.000
Nýting	75%
Eftirstöðvar í sjóði	1.270.000